

Stríðum, stríðum, stríðum, uns yfir lýkur

Eins og allir vita, eru víða blikur á lofti í alþjóðamálum. Ísraelar hafa nú enduroppnað sláturhús í Líbanon. Bensi-barnamorðingi ber sér á brjóst og segir Guðs útvöldu þjóð vel mega drepa börn. Það sé guði þóknanlegt og undirbúningur að endurkomu Guðs og endurræsingar heimsins.

Bensi reiðir sig á stuðning mesta herveldis sögunnar, Bandaríkjanna. Það sama gerir Volodymyr Zelensky. Hann hitti öldunginn vondjarfa, Joseph Biden, fyrir skemmstu. Það var kostulegur fundur.

Sá fyrrnefndi lagði fram áætlun um sigurgöngu Úkraínnumanna/Nató í stríðinu við Rússa. Öldungurinn strengdi þess heit að leggja allt í sölurnar, svo fullur sigur ynnist, þ.e. upplausn Rússneska ríkjasambandsins og kollsteypa Vladimir Putin.

Þessi fundur kom í kjölfar annars fundar, sem var frægur að endemum. Þaggað var niður í Jóa, þegar hann ætlaði með forsætisráðherra Breta, Keir Starmer, að gefa vilyrði fyrir notkun drápsflauga, sem ná lengra inn í Rússland, en þær, sem fyrir eru.

Herforingjar hans fengu kul í iljarnar. Vladimir sagðist nefnilega myndi svara í sömu mynt í Bandaríkjunum. Það er liðin sú tíð, að Bandaríkjamenn geti háð sín stríð fjarri heimahögunum eins og t.d. í Írak, þar sen nefndir bandamenn drápu um millljón manns. Átyllan var lygi um gereyðingavopn og yfirvofandi árás Saddam Hussein (1937-2006) á lýðræðisríki Vesturlanda.

Rússar gruna Nató um græsku, enda hafa þeir góða ástæðu til. Því hafa þeir endurskoðað stefnu sína um beitingu kjarnorkuvopna. Þeir lýsa því nú yfir, að þeir áskilji sér rétt til að beita þeim, verði þeir fyrir árás langdrægra vopna vestrænna kjarnorkuvelda. Svo fljótt gæti hitnað í kolunum.

Hergagniðnaðurinn og allt hyskið í kringum hann ætlar að sjá til þess að þriðja heimstyrjöldin haldi áfram (eða sú fyrsta, sem aldrei lauk í raun). Hætti skattgreiðendur á Vesturlöndum að kaupa vopn bandarískra og alþjóðlegra auðhringa, er hætt við því, að þeir fari á hausinn. Þá má sömuleiðis búast við því, að bandarískur efnahagur riði til falls og dalurinn verði notaður til að kveikja upp í arninum. Þá fengju heimsins börn, ef til vill frið.

En það má ekki gerast. Því er þegar í undirbúningi stríð gegn Kína. Bandaríska leyniþjónustan segir Xi Jinping hafa gefið skipun um að endurheimta Taiwan (Formósu) 2027. Þá ætla Bandaríkjamenn og stríðsvinir þeirra í hinu fjarlæga austri að ráðast á Kína.

En þótt Rússar hafi nú þurft að gefa eftir fyrsta sætið á fjandalista Vesturlanda, hafa þeir ekki gleymst. Nató iðar eins og kolkrabbi um Norðurlönd og Eystrasaltsríkin og gleypir í sig hverja herstöðina á fætur annarri eða stofnar nýjar. Samtímis er hersveitum fjölgað og aðkomuleiðir til ímyndaðra austurvígstöðva skipulagðar.

Hershöfðingjar Nató og hinn nýi stríðsstjóri (defense commissioner) Evrópusambandsins, Andrius Kubilius, miða við, að landstríð við Rússa hefjist eftir sex til átta ár. Skipulagssnillingar semja sjúkraflutningaáætlun og samkvæmt Volodymyr er líklegt, að Rússar ætli að sprengja í loft upp kjarnorkuverið í Zaporizhzhia eins og þeir sprengdu gasleiðsluna sína í Eystrasaltinu. Það væri upplagt tilefni til að virkja áætlun að annarri innrás í Rússland.

Allt er þetta í anda Framtíðarsáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Bjarni Ben II heldur vart vatni yfir. Heimsins börnum skal haldið á tánum af ótta við hinar og þessar kreppur; fæðukreppu, efnahagskreppu, loftslagskreppu, veirukreppu og stríðskreppu – svo nokkrar séu upptaldar.

En það er ekkert að óttast, elskurnar: þið munuð verða hamingjusamir öreigar, og samrunavald auðjöfra og stjórnámálamanna (stakeholder capitalism) eða hinn endurgerði fasismi Benito Mussolini, ræður yfir neyðarmiðstöð eins og í Skógarhlíð. Björgunar- og víkingasveitir bíða kallsins. Ef allt um þrýtur má fá pillu eða panta app, sem örvar unaðarmiðstöð heilans.

Þetta reddast sem sagt, enda er skjaldmærin, Kamala Harris, á leiðinni.

<https://www.globalresearch.ca/nato-israel-hezbollah-wwiii-one-world-government/5868754>

<https://www.globalresearch.ca/us-convinced-we-win-nuclear-war/5868723>

https://glennadiesen.substack.com/p/the-nord-stream-anniversary-and-europes?utm_source=post-email-

[title&publication_id=2670149&post_id=149483123&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email](https://korybko.substack.com/p/duda-and-zelensky-might-be-cooking?utm_source=post-email-title&publication_id=2670149&post_id=149483123&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email)

https://korybko.substack.com/p/duda-and-zelensky-might-be-cooking?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=149482535&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

<https://www.globalresearch.ca/uk-lobbying-lifting-western-restrictions-ukraine/5868748>

<https://www.globalresearch.ca/video-war-and-globalization-americas-roadmap-of-conquest-blueprint-for-global-domination/5633787>

<https://libertarianinstitute.org/news/nato-prepares-for-mass-transport-of-wounded-soldiers/>

https://steigan.no/2024/09/zelensky-presenterte-seiersplan-for-biden-harris-og-trump/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2024/09/fremtidspakten-avslorer-hvem-som-skal-bestemme-i-den-nye-verdensorden/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://gilbertdoctorow.com/2024/09/27/russias-revised-nuclear-doctrine-per-todays-speech-by-vladimir-putin/>

<https://caitlinjohnstone.com.au/2024/09/21/europe-prepares-for-hot-war-with-russia-us-readies-for-hot-war-with-china/>

https://x.com/atensnut/status/1836128290886537261?fbclid=IwY2xjawFY61JleHRuA2FlbQJxMQABHVLLRt20qfYX5Ov9pvVsZyW_FiFH32YUhx8w5m5B82sUnYL8AymhFUq9Q_aem_4rCK-ZYjV5k77Hifa9oZ9g